

Nd. **1078. Breytingartillaga** [305. mál]
við frv. til l. um gjald af umboðspóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta.

Frá Páli Péturssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Bankar og innlánsstofnanir, sem versla með erlendan gjaldeyri, skulu frá og með 1. janúar 1984 greiða ríkissjóði 45% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris, svo og 45% af þóknun (provision) þeirri er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis. Þetta gildir jafnt um hvers konar ábyrgðarlaun, innheimtulaun og allar aðrar greiðslur, hverju nafni sem nefnast, fyrir þjónustu þá er hér um ræðir. Seðlabankinn hefur eftirlit með því að hlutaðeigandi innlánsstofnanir inni gjald þetta af hendi svo sem fyrir er mælt í þessari grein.

Heimilt er fjármálaráðherra að endurgreiða eða fella niður innheimtu á 1/6 hluta þess 60% gjalds af gengismun og umboðspóknun sem lagt var á gjaldeyrisbankana á árinu 1983 samkvæmt lögum nr. 40/1969.